

1942 nr. 14 15. maí**Lög um lækna ráð**

■ **1. gr.** Í lækna ráði eiga sæti eftirtaldir læknar:

1. Landlæknir, sem er forseti ráðsins,
2. kennarinn í réttarlæknisfræði við háskólann,
3. kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann,
4. kennarinn í lyfjafræði við háskólann,
5. yfirlæknir lyflæknisdeildar Landspítalans,
6. yfirlæknir handlæknisdeildar Landspítalans,
7. yfirlæknir geðveikrahælis ríkisins,
8. yfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins,
9. formaður Læknafélags Íslands.

□ Verði ráðið á þennan hátt ekki skipað 7 eða 9 mönnum, skipar ráðherra lækni eða lækna til viðbótar í ráðið, uns 7 eru, en einn, ef 8 eru fyrir.

■ **2. gr.** Það er hlutverk lækna ráðs að láta dómstólum, ákærvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir varðandi læknisfræðileg efni.

□ Lækna ráð lætur meðal annars í té umsagnir um hvers konar læknisvottorð, sem lögð eru fyrir dómstólana, enda sé þeim beint til ráðsins samkvæmt úrskurði dómara.

□ Lækna ráð lætur stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt á því, hvort tiltekin aðgerð, hegðun eða framkoma læknis, tannlæknis, nuddara, lyfsala, hjúkrunarkonu, ljósmóður eða annarra þvífikra heilbrigðisstarfsmanna sé tilhlýðileg eða ekki.

□ Lækna ráð lætur og stjórn heilbrigðismálanna í té álit sitt í sambandi við mikilsverðar heilbrigðisframkvæmdir, einkum varðandi meiri háttar sóttvarnaráðstafanir.

■ **3. gr.** Lækna ráðið lætur ekki önnur mál til sín taka en þau, er borin hafa verið undir það samkvæmt 2. gr., og af þeim aðilum, er þar greinir.

□ Lækna ráð lætur ekki í té umsögn um andlegt ástand eða sakhæfi manns, nema áður liggi fyrir álitgerð sérfræðings eftir viðeigandi athugun, enda sé kostur slíkrar athugunar.

□ Lækna ráð lætur ekki í té umsögn um dánarmein manns, nema áður liggi fyrir álitgerð sérfræðings eftir líkskurð eða mannskaðaskýrslu lögum samkvæmt, ef um voveiflegt mannlát er að ræða, enda sé kostur slíkra gagna.

■ **4. gr.** Rétt er, að lækna ráð leiti jafnan áhlits sérfróðra manna utan ráðsins um mál, sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna, er ráðið skipa.

□ Áður en ráðið hnekkir vottorði læknis, skal það jafnan, ef því verður við komið, gera hlutaðeigandi lækni kost á að rökstyðja vottorð sitt nánar.

□ Mál, er varða sérstaklega aðgerð, hegðun eða framkomu læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. mgr. 2. gr.), skal ráðið jafnan, ef því verður við komið, bera undir aðila, svo og stéttarfélag hans, áður en það lætur í té umsögn sína um það.

■ **5. gr.** Enginn lækna ráðsmanna á atkvæðisrétt um mál, er varðar sjálfan hann eða umbjóðanda hans, eða hann hefur áður tekið afstöðu til, hvort heldur er persónulega eða í embættisnafni. Nú verður ráðið óstarfhæft fyrir það, að einhver sérfræðingur ráðsins á ekki atkvæðisrétt um mál, er heyrir undir sérgrein hans, og skipar þá ráðherra sérfræðing í hans stað eftir tillögu ráðsins til að fjalla um það mál.

■ **6. gr.** Lækna ráð getur falið tveimur eða fleiri lækna ráðsmönnum afgreiðslu máls í sínu umboði, enda heyri málið undir sérgrein eins eða fleiri þeirra, er um það fjalla. Lækna ráðsmaður getur þó krafist þess, að umsögn verði borin undir ráðið í heild. Ákveða má nánar um verkaskiptingu ráðsins í reglugerð,¹⁾ er ráðherra staðfestir.

□ Umsögn um aðgerð, framkomu eða hegðun læknis eða annarra heilbrigðisstarfsmanna (sbr. 3. mgr. 2. gr.) skal ætíð borin undir ráðið í heild.

□ Verði ekki samkomulag í ráðinu um afgreiðslu máls, skal þess getið í umsögn, enda á sá eða þeir, er ágreiningu gera, rétt á að gera sérstaka grein fyrir atkvæði sínu.

□ Niðurstöður ráðsins skulu að jafnaði rökstuddar, og ætíð, ef sá, er umsagnarinnar beiðist, æskir þess sérstaklega, svo og ef ágreiningur er í ráðinu um niðurstöðu.

¹⁾ Rg. 192/1942.

■ **7. gr.** Lækna ráð sendir ráðherra skýrslu um starfsemi sína að hverju ári liðnu, og skal birta opinberlega þær niðurstöður ráðsins, er almenning varða.

■ **8. gr.** Kostnaður af starfsemi lækna ráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.